

Efnagreining vatnssýna frá Kollavík,
Svalbarðshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-82-01

Efnagreining vatnssýnis frá Kollavík, Svalbarðshreppi, Norður-Þingeyjar-
sýslu.

Niðurstöður efnagreininga vatnssýnis frá Kollavík eru sýndar í eftir-
fylgjandi töflu:

pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl.efni
10,20/21	47,4	45,7	0,36	1,85	0,013	14,10	20,18	0,0	15,20	0,36	177,50

Mældur hiti vatnssýnis er 27,3°C. Áætlun á hitastigi vatnsins á meira
dýpi (djúphitastig) frá efnainnihaldi vatnsins er í þessu tilfalli örðug-
leikum bundin. Sýrustig er mjög hátt og því gefur beinn útreikningur á
kalsedonhitastigi ekki marktækt gildi. Kalsedonhitastig miðað við sýru-
stig reiknað frá natriumstyrk í vatninu gefur um 50°C. Alkalifeldspata-
hitastig reiknast 47°C. Því virðist raunhæft að reikna með djúphita
45-50°C og er það því talinn vera sá hiti sem gæti fengist með borun í svæðið.

Vatnið telst allvel neysluhæft, en rétt væri að bera efnagreiningu
undir ferskvatnsfiskifræðing til að meta hversu vel það hentar í klak-
stöð.